

fógeti ásamt samdómsmönnum Gunnlaugi Briem sakadómara og Rannveigu Þorsteinsdóttur hæstaréttarlögmanni.

**Því úrskurðast:**

Krafa sóknaraðilja, Aðalheiðar Tryggvadóttur, um, að við-urkenndur verði erfðaréttur hennar í dánarbú Tryggva Sig-geirssonar, er ekki tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 15. mars 1974.

**Nr. 156/1973: Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson saksóknari ríkisins)

gegn

**Þórarni Jónassyni**

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

**Dómenndur:**

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-  
varr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Tékkamisferli. Sýkna.

**Dómur Hæstaréttar.**

Sakarefni er réttilega lýst í héraðsdómi. Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum úrslitum og með vísan til 1. mgr. 140. gr. laga nr. 73/1973 ber að leggja allan kostnað af áfrýjun sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, kr. 20.000.00.

**D ó m s o r ð :**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur kostnaður af áfrýjun sakarinnar greiðist úr ríkis-sjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda

ákærða, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. júní 1973.**

Ár 1973, föstudaginn 1. júní, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakaðómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 264/1973: Ákærvaldið gegn Þórarni Jónassyni, sem tekið var til dóms 28. f. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 8. febrúar s.l., gegn Þórarni Jónassyni, Laxnesi í Mosfellssveit, fæddum 26. apríl 1944 í Reykjavík,

„fyrir tékkasvik og annað tékkamisferli, framin í Reykjavík í apríl 1972, með því að gefa út til handhafa fimm tékka á reikning sinn nr. 6164 við Sparisjóð Kópavogs og nota þá í viðskiptum, svo sem rakið verður, án þess að innstæða væri fyrir þeim:

1. A. Nr. 234164, kr. 930.00, dagsettur 21. apríl. Greiðsla til Niels Svane, Reykjahlíð 8, fyrir viðgerð á bifreið.

2. A. nr. 234167, kr. 1.000.00, dagsettur 24. apríl. Greiðsla fyrir bifreiðarakstur, en hluta tékkafjárhæðarinnar fékk ákærði í reiðufé.

3. A. Nr. 234168, kr. 40.000.00, dagsettur 25. apríl. Greiðsla skuldar til Sigurbjörns Eiríkssonar, Skálholtsstíg 2 A.

4. A. Nr. 234173, kr. 7.000.00, dagsettur 26. apríl. Staðgreiðsla á áburði hjá Áburðarverksmiðjunni, Gufunesi.

5. A. Nr. 232100, kr. 4.400.00, dagsettur 26. apríl. Greiðsla fyrir bifreiðarakstur og flutning á búslóð.

Atferli ákærða, sem greinir í 1. og 2. lið og 4. og 5. lið, telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en atferli hans, sem greinir í 3. lið, telst varða við 261. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Í máli þessu hefur þess verið krafist af hálfu Niels Svane, eiganda tékka þess, sem ákæruliður 1 lýtur að, að ákærði verði dæmdur til greiðslu tékkafjárhæðarinnar, kr. 930.00.

Málsatvik.

Ákærði var 2. febrúar 1968 dæmdur í sakadómi Reykjavíkur í 3 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir tékkasvik og 14. maí 1970 í 6 mánaða fangelsi fyrir sams konar brot. Engu að síður tókst honum 16. febrúar 1972 að fá opnaðan ávísanareikning á sitt nafn í Sparisjóði Kópavogs. Lagði hann þá inn á reikninginn 72 þús. kr.

Reikning þennan notaði hann síðan nokkuð fram í maí 1972, en hinn 2. þ. m. var honum lokað sakir þess, að innstæðulausir tékkar ákærða höfðu verið sýndir í greiðslubankanum. Verður tékkum þessum nú lýst.

1. Tékki, kr. 930.00, útgefinn til handhafa 21. apríl, framseljandi Niels Svane. Með tékka þessum greiddi ákærði framseljanda viðgerð á bifreið. Tékkinn hefur verið sýndur í greiðslubankanum 5. maí, en þá hafði reikningnum verið lokað. Af yfirliti yfir reikninginn er að sjá, að innstæða á reikningnum við lokun hafi numið kr. 2.534.30, en 4. maí hefur reikningurinn verið skuldfærður um 2.000 kr. samkvæmt tékka, þannig að við sýningu ofangreinds tékka Nielsar Svane er innstæða einungis kr. 534.30.

2. Tékki, kr. 1.000.00, útgefinn til handhafa 24. maí, framseljandi Niels Jónsson, Barmahlíð 19. Samkvæmt framburði ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn í málinu, greiddi ákærði ökgjald með þessum tékka. Tékkinn hefur verið sýndur í greiðslubankanum 4. maí, en þá var búið að loka reikningnum.

3. Tékki, kr. 40.000.00, útgefinn til handhafa 25. apríl, framseljandi Sigurbjörn Eiríksson, Skálholtið 2 A. Samkvæmt framburði ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn, greiddi ákærði framseljanda skuld með tékka þessum. Sýningardagur tékka þessa er 26. apríl. Daginn áður hafði reikningurinn verið skuldfærður samkvæmt tveimur tékkum ákærða um kr. 280.000.00, og við það myndast yfirdráttur, kr. 191.215.70, og þannig hefur reikningurinn staðið, er tékki Sigurbjörns Eiríkssonar hefur verið sýndur. Reikningurinn hefur verið skuldfærður samkvæmt tékkanum, þannig að yfirdráttur hefur orðið kr. 231.715.00, en tékkinn er svo færður til baka sama dag, þannig að yfirdrátturinn lækkar aftur sem tékkafjárhæðinni nemur.

4. Tékki, kr. 7.000.00, útgefinn til handhafa 26. apríl, framseljandi Áburðarverksmiðja ríkisins. Fyrir tékka þennan kveðst ákærði hafa keypt áburð hjá Áburðarverksmiðjunni. Tékkinn hefur ekki verið sýndur í greiðslubankanum fyrr en 10. maí.

5. Tékki, kr. 4.400.00, útgefinn til handhafa 26. maí, framseljandi Matthías Þorkelsson, Laugarnesvegi 92, sýningardagur 3. maí. Samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum greiddi ákærði með tékka þessum sendiferðabifreiðarstjóra fyrir þjónustu við flutning á búslóð.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekki vitað annað en næg innstæða væri fyrir tékkunum, er hann gaf þá út. Ástæðan til þess, að þeir reyndust án innstæðu við sýningu, hafi verið sú,

að hann hafi greitt innlegg á reikning sinn með tékka, sem hann hafði fengið að greiðslu frá öðrum manni, og fjárhæð þess tékka verið kr. 90.000.00. Tékki þessi hafi reynst án innstæðu og sparisjóðurinn þá fært fjárhæðina til baka án vitundar ákærða. Hann hafi ekki frétt það, fyrr en eftir að hann hafði notað tékka þá, sem mál þetta lýtur að.

Það hefur komið í ljós, að hinn 19. apríl 1972 hefur ákærði ritað innleggsnótu í sparisjóðnum, þar sem hann leggur kr. 116.488.00 inn á reikning 6164. Innleggsnótan hefur verið bókfærð með þessari fjárhæð. Á yfirliti yfir reikninginn er innleggið einungis bókfært kr. 26.488.00. Ákærði segist hafa fengið frumrit innleggsnóttunnar í hendur sem kvittun. Hann kveðst raunar ekki finna frumritið hjá sér nú. Hann kveðst hins vegar hafa komið í bankann 27. apríl og þá verið skýrt frá því, hversu farið hafði um 90 þús. kr. tékkann. Hafi hann þá fengið í hendur samrit af innleggsnóttunni frá 19. apríl með áritun um bakfærslu á 90 þús. kr. Afrit þetta hefur ákærði lagt fram. Sýnir það, að innleggsnótan hljóðar á kr. 116.488.00, en síðan hefur verið vélrituð á hana þessi athugasemd: „Bakfærð ávísun kr. 90.000.00, innistæðulaus, útg. af Kára B. Helgasyni úr hlr. 625 við Sparisjóðinn Pundið. Nr. áv. 31791.“

Á afritið er einnig stimplað: „Bókin ógild.“

Enn fremur hefur verið lagt fram færsluskjal bankans með færslunni 19. apríl (kr. 26.488.00). Færsluskjal þetta er vélritað, og segir þar: „... Mism. á innl. f. 19.4. kr. 116.488.00 ÷ kr. 90.000.00 kr. 26.488.00 mism.“

Vitnið Jósafat Líndal, sparisjóðsstjóri í Sparisjóði Kópavogs, segir, að eftir að ákærði hafði greitt hinn 19. apríl innlegg, samtals kr. 116.488.00, m. a. með 90 þús kr. tékka Kára B. Helgasonar, hafi því verið veitt eftirtekt í sparisjóðnum, að Kári var á lista yfir menn, sem gefið höfðu út innstæðulausa tékka. Hafi við könnun komið í ljós, að áðurnefndur tékki Kára var án innstæðu í greiðslubankanum. Þá hafi ekki verið búið að færa innlegg ákærða, kr. 116.488.00, inn á spjaldið yfir innleggið og því hafi verið búið til nýtt færsluskjal og innleggið fært samkvæmt því einungis kr. 26.488.00. Jósafat kveðst ekki geta um það sagt, hvernær þessi breyting hafi komið til vitundar ákærða, en gerir ráð fyrir, að reynt hafi verið að ná til hans símleiðis.

Kári Borgfjörð Helgason ber það sem vitni, að hann hafi einhverju sinni greitt ákærða skuld með tékka að fjárhæð kr. 90.000.00, sem hann hafi gefið út á reikning sinn í Sparisjóðnum Pundinu. Innstæða hafi ekki verið fyrir tékkanum, og kveðst Kári

hafa látið ákærða vita það og beðið hann um að draga einn eða tvo daga að sýna tékkann. Kveðst Kári hafa átt von á peningum og ætlað sér að leggja inn á reikninginn. Hann kveðst hafa dagsett tékkann fram í tímann í samræmi við þetta. Kári telur, að ákærði muni hafa látið tékkann frá sér fyrr en um var samið, og síðar segir Kári, að hann hafi sagt sér, að hann hefði orðið að leysa tékkann til sín aftur. Kveðst Kári hafa tekið tékkann til sín aftur og greitt ákærða hann með víxli, sem kona hans (Kára) hafi samþykkt. Kári segir, að tékki hans sé ekki lengur til. Er þannig ekki kostur að sannreyna dagsetningu hans.

Ákærði heldur fast við það, að sér hafi alls ekki verið kunnugt um það, er hann gaf út og notaði tékka sína, hvernig farið hafði um innlegg hans 19. apríl, kr. 116.488.00, er fært var á reikninginn einungis sem kr. 26.488.00. Ákærða var bent á, að bæði 21. apríl og 23. apríl hefði hann lagt inn á reikninginn, svo sem reikningsyfirlitið sýnir, og þá mætti ætla, að honum hefði verið tilkynnt um bakfærsluna 19. apríl. Þessu mótmælir ákærði og fullyrðir, að honum hafi ekki verið kunnugt um bakfærsluna, fyrr en eftir að hann hafði látið fara frá sér alla tékkana, sem ákæra tekur til. Hafi hann þannig ekki vitað betur en næg innstæða væri fyrir þeim öllum.

Ákærði heldur því fram, að hann hafi dregið, eins og um var samið, að nota tékka þann, sem hann fékk hjá Kára B. Helgasyni.

Þá segir ákærði, að hann hafi veitt tékkanum viðtöku hjá Péttri Axel Jónssyni lögfræðingi og litið á hann sem greiðslu upp í arf, en Pétur hafi haft með höndum skipti á búi móður ákærða. Kári heldur því hins vegar fram, að hann hafi greitt ákærða skuld sína með tékkanum, og Pétur Axel Jónsson kannast ekki við að hafa átt neinn þátt í viðskiptum þessum. Ekki er þörf að lýsa nánar þessu ósamræmi í framburði ákærða og vitna, sem ekki skiptir máli við úrlausn sakarefnisins.

Niðurstöður.

Samkvæmt því, sem lýst hefur verið, lagði ákærði 19. apríl kr. 116.488.00 inn á reikning sinn og greiddi innleggið m. a. með 90.000 kr. tékka Kára B. Helgasonar. Innleggsnótan var bókfærð í bankanum, en þegar fært var á spjaldið yfir reikninginn, að því er telja verður, eftir að ákærði var farinn út úr bankanum, var 90.000 kr. tékkinn ekki færður, heldur útbúið nýtt fylgiskjal og innleggið lækkað ofan í kr. 26.488.00. Hefði það ekki verið gert, hefði næg innstæða verið fyrir öllum tékkum ákærða, er mál þetta lýtur að. Ljóst virðist, að ákærði hafi ekki verið í bankanum,

er bakfærslan fór fram, og þannig eigi vitað um hana þá þegar. Verður að telja ósannað, að ákærði hafi vitað um bakfærsluna á þeim tíma, er hann notaði tékka þessa. Brestur þannig huglæg skilyrði til þess að refsa honum fyrir notkun hans á tékkunum, og ber að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins.

Samkvæmt 3. mgr. 146. gr. laga 82/1961 verður þannig ekki dæmt um kröfu þá, sem uppi hefur verið höfð í máli þessu og áður var lýst.

Samkvæmt 1. mgr. 140. gr. laga 82/1961 verður að sýkna ákærða af kröfum um málskstnaðargreiðslu, og ber að ákveða, að hann greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málsvagnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmans, kr. 12.000.00.

#### Dómsorð:

Ákærði, Þórarinn Jónasson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málsvagnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmans, kr. 12.000.00.

Mánudaginn 18. mars 1974.

Nr. 21/1974: Ákæruvaldið

gegn

Valgarði Frímanni Jóhannssyni

#### Dómendur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Kærumál. Öryggisgæsla. Málsskot. Frávísun frá Hæstarétti.

#### Dómur Hæstaréttar.

Með bréfi til sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 4. janúar 1974, hefur saksóknari ríkisins skotið til Hæstaréttar úrskurði